

Nafn verkefnis. **Skjól fyrir bangsa.** Staðsetning: Á útivistarsvæði eða skjólsælum skógarlundi í nágrenni skólans. Tengt: Náttúrufræði og umhverfiskennslu. Yngstastig (3. – 4. bekkur).

Skjól fyrir bangsa – eða annað mjúkdýr



Viðfangsefni: Að gera lítið skýli eða hús fyrir uppáhalds mjúkdýrið sitt. Nú er að hausta og veðrið fer að kóna á Íslandi. Þá þurfa allir skjól og hlýju.

Aldur: Yngsta stig

Árstími: Haust

Tími: 1 - 2 klst.

Stutt lýsing: Nemendur fá að byggja lítið skýli eða skjól fyrir uppáhalds bangsann. Byggingarefnið er visnað lauf, garas og trjágreinir sem falla til jarðar á haustin. Einnig er hægt að nota steina og mold, sand eða möl. Allt sem finns á svæðinu og tengist umhverfinu á einhvern hátt.

Kennslugögn: Nemendur koma með bangsa.

Framkvæmd: Nemendur fá að koma með einn bangsa eða annað mjúkdýr með sér í skólann. Farið er út á útivistarsvæði eða annan stað þar sem tré og gróður mynda skjól. Nemendum er bent á ýmislegt sem fallið hefur á jörðina til dæmis frá trjám eða runnum, visnaðar greinar og annar gróður sem er að fölna með kólnandi veðurfari. Þetta „byggingar efni“ má nota til að gera lítið skýli, hús eða skjól fyrir litla bangsann. Allir vinna á sama tíma, tveir - þrír nemendur í hópum, og kennari gengur á milli nemenda. ráðleggur og aðstoðar við byggingastarfið. Síðan er farinn hringur og skýlin skoðuð með stuttri frásögn nemenda. Gaman er að taka myndir af „húsunum“.